

Samþykkt - Góðvinir Háskólans á Akureyri –

1. gr. Heiti

Samtökin heita **Góðvinir Háskólans á Akureyri.**

2. gr. Markmið

Markmið Góðvina Háskólans á Akureyri er annars vegar að auka tengsl skólans við fyrrum nemendur sína og aðra þá sem bera hag skólans fyrir brjósti, hins vegar að styrkja og efla Háskólann á Akureyri eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Skal þess gætt að félagsmenn hafi greiðan aðgang að starfsemi og þjónustu skólans og að tekjum samtakanna sé ráðstafað til uppbyggingar lærdóms og rannsókna við Háskólann á Akureyri.

3. gr. Félagar

Félagar í Góðvinum Háskólans á Akureyri teljast þeir sem greiða árgjöld samtakanna; einstaklingar og fyrirtæki. Greiðsla félagsgjalds er innheimt á haustmisseri. Stjórn er heimilt að setja verklagsreglur um innheimtu félagsgjalds.

4. gr. Aðalfundur

Starfstímabil félagsins er almanaksársins. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðalfundur Góðvina skal haldinn eigi síðar en 1. desember ár hvert og boða skal til aðalfundar með að minnst viku fyrirvara.

5. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar
- c) Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning formanns, sbr. 5. gr.
- e) Kosning stjórnar, sbr. 5. gr.
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

g) Ákvörðun árgjalds

h) Önnur mál

6. gr. Stjórn Góðvina og kosning fulltrúa.

Stjórn Góðvina skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir á aðalfundi og þar af skal einn vera formaður og að auki skulu kosnir þrír varamenn. Háskólaráð kýs einn fulltrúa í stjórn og einn til vara og Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) kýs einn í stjórn og einn til vara.

Kjör fulltrúa Háskólaráðs og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri skal hafa farið fram fyrir aðalfund. Ef kjör fulltrúa Háskólaráðs og/eða fulltrúa Stúdentafélagsins í stjórn samtakanna liggur ekki fyrir á aðalfundi skal aðalfundur kjósa þá fulltrúa.

Kjörtímabil allra stjórnarmanna er tvö ár.

7. gr. Verkefni stjórnar

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal stjórn skipta með sér verkum þannig að einn er ritari, einn gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Stjórnin getur ráðið sér framkvæmdastjóra.

Meðal verkefna stjórnar er eftirfarandi:

- a) Gera árlega áætlun um hvaða þætti í starfsemi Háskólans á Akureyri Góðvinir styðji
- b) Halda aðalfund.
- c) Varðveita félagaskrá samtakanna og skrá yfir alla útskrifaða kandiðata frá Háskólanum á Akureyri.
- d) Senda fréttabréf Góðvina til félagsmanna og allra útskrifaðra kandiðata.
- e) Innheimta og ráðstafa árgjöldum og öðrum fjárframlögum.
- f) Gera félagsmönnum kleift að fylgjast með og eiga hlutdeild í fjölþættri starfsemi háskólasamfélagsins t.d. með því að gangast fyrir fræðslufundum og kynningum.
- g) Annað sem fellur að markmiðum félagsins.

8. gr. Deildir Góðvina

Heimilt er að stofna sérstakar deildir innan samtakanna í tengslum við starfseiningar Háskólans á Akureyri. Stjórn Góðvina Háskólans á Akureyri setur slíkum deildum sérstakar starfsreglur.

9. gr. Fjárframlög

Tekjur Góðvina eru félagsgjöld, söluhagnaður, frjáls framlög og arður. Fjárframlög til Góðvina má merkja ákveðinni starfsemi í Háskólanum á Akureyri, s.s. rannsóknarstofnunum, tækjakaupum eða sjóðum, nýjum og gömlum. Óskilyrtum fjárframlögum ráðstafar stjórn samtakanna í samræmi við markmið þeirra.

10. gr. Breytingar á samþykktum

Samþykktum þessum er einungis hægt að breyta á aðalfundi samtakanna og skal þeirra getið í fundarboði. Breytingar á samþykktum þurfa að hljóta stuðning a.m.k. 2/3 fundarmanna til að ná fram að ganga.